



Verkefni: Opið hús með næringu og samfélagi Styrkþegi: Hátúns Hópurinn

Samantekt:

Sótt var um styrk til verkefna á Hátúnssvæðinu þar sem flestir öryrkjar búa. Hátúnssvæðið er Hátún 10, 10A, 10B og 12 í Reykjavík.

Hátúns Hópurinn sótti um styrkinn í apríl 2010 til að efla og auka þátttöku í opnu húsi í Hátúni 12 með máltíðum og samfélagi.

Umsjónarmaður og framkvæmdaraðili var og er Guðrún Kristín Þórsdóttir djákni á svæðinu.

Vegna þess hversu styrkurinn var veglegur var ákveðið að efla líka samfélagið í setustofunni í Hátúni 10a.

Nokkrir sjálfboðaliðar, konur, voru samstarfsaðilar umsjónarmanns og var ákveðið að ráða tvær til sérstakra verka. Önnur tók að sér ábyrgðina á opnu húsi einu sinni í viku og hin á setustofunni nokkra daga í viku.

Starfskonurnar og sjálfboðaliðar hafa tekið að sér að leiða og styrkja fólkið til að halda umhverfinu við, aðstoðað við að næra gesti og gangandi og vera sýnilegar með virkri hlustun og nærveru.

Tilgangur verkefnisins er að auka lífgæði íbúa á Hátúnssvæðinu, rjúfa einangrun þeirra með aukinni samveru með máltíðum, stuðningi, glaðværð og áhuga. Tilgangnum hefur verið náð með aukinni þátttöku utanaðkomandi fólks sem sér um ákveðna hluti verkefnisins. Því má segja að styrkurinn hefur nýst virkilega vel.

Íbúar Hátúns eru mjög einangraðir og eru það enn þann dag í dag en þetta verkefni er þáttur í að brjóta þá einangrun. Fátæktin er jafnframt mikil í Hátúni og þess vegna var lagt upp með að rjúfa einangrun með máltíðum og samverustundum.

Til að virkja íbúana til þátttöku er í boði ýmis konar afþreying, svo sem handavinna, föndur og þátttaka í ýmsum verkum. Skemmtikvöld eru einu sinni í mánuði, guðsþjónustur hálfsmánaðarlega og ýmislegt annað gert sér til afþreyingar eins og að fara í dagsferðir út fyrir bæjarmörkin.

Guðrún Kr. Þórsdóttir, djákni

Project: Open House Operation providing meals and community.
Grantee: The Hatun Circle (Hatuns Hopurinn)

Report:

The grant application applied to projects concerning residents of housing at Hatun Street of numbers 10, 10A, 10B and 12 in Reykjavik, Iceland. These quarters have the most dense population of persons receiving disability pension.

The Hatun Circle (Hatuns Hopurinn) applied for the EU grant in April 2010 to promote and increase attendance of the Open House Operation at Hatun 12, providing meals and community.

Supervisor and director, was and still is, Gudrun Thorsdottir, a designated deacon for the area.

Due to the generous grant allotted, it was decided to reinforce the community at the communal lounge at Hatun 10A as well.

A number of volunteers worked with the director. Two of them were hired for special assignments of the project. One was responsible for the weekly Open House and the other one oversaw the community lounge a couple of days each week.

Those two workers, together with volunteers, have provided leadership and support for the residents to tend to their own surroundings at the premises. They took part in providing meals and snacks for attendees and maintained an active presence through listening and availability.

The purpose of the project is to increase the quality of life for the residents in the Hatun area and intervene against their isolation through meals, support, festivity and genuine interest. These goals were reached through the increased participation of residents in tending to particular tasks of the project. Thus it can be asserted that the grant was well allocated.

The residents of Hatun tend to be socially isolated. However, this project was an active agent of intervention in that situation. Poverty is a serious issue at Hatun. This fact inspired the strategy of involvement through meals and community gatherings.

A number of activities were initiated, such as crafts and participation in operational tasks. An entertainment evening is once a month, a church service is held twice a month and other recreational activities are offered, such as day tours to the countryside.

Gudrun Kr. Thorsdottir, deacon